

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og seyrulosun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

#### 1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, og nr. 149/2004 um hirðu og meðhöndlun seyru. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

a) 240 lítra tunna	11.550 kr.
b) 660 lítra tunna	34.000 kr.
c) 1.100 lítra tunna	56.250 kr.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Íbúðir	11.700 kr.
Sumarhús	8.750 kr.
Atvinnurekstur	32.000 kr.

#### 4. gr.

##### *Seyrulosunargjald.*

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 6.400 kr.

#### 5. gr.

##### *Holræsagjald.*

Holræsagjald á þeim stöðum þar sem sveitarfélagið er með holræsakerfi, gjaldið nemur 0,15% af fasteignamati.

#### 6. gr.

##### *Annað.*

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps 6. desember 2011 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, sbr. samþykkt nr. 244/2011 um fráveitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Gjaldskráin var samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 27. janúar 2012, og öðlast gildi eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 121/2011.

*Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 27. janúar 2012.*

**Gunnar Örn Marteinnsson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2012